

LÍFIÐ Í ÁSGARÐI

GULLNAR
TÖFLUR Í
GRASI

ÍÐUNN
STEINSDÓTTIR
ENDURSEGIR
HLUTA
SNORRA-EDDV
FYRIR BÖRN



KENNSLULEIÐBEININGAR OG VERKEFNI



NÁMSGAGNASTOFNUN
09852

INNGANGUR

ÁGÆTV KENNDARAR

Lífið í Ásgarði er framhald bókarinnar *Óðinn og bræður hans*. Eins og áður legg ég áherslu á að þetta er ekki kennslubók í ásatrú heldur endursögn á sögunum úr *Gylfaginningu* og að hluta til úr *Skáldskaparmálum*, eins og ég skil þær. Trúlega verða ekki allir sem hafa sökkt sér niður í þessi fræði sammála túlkun minni á ýmsum smáatriðum. Hver sem les norræna goðafræði fær eigin sýn á þau og túlkar þau á sinn hátt. Og það er einmitt kostur þessara fornu fræða hve margt við getum lesið út úr þeim.

Eftir að hafa lesið og gluggað í fræðibækur, ekki síst bók Anders Bæksted, *Goð og hetjur í heiðnum sið*, skýrðust fyrir mér eiginleikar og hlutverk hinna ýmsu goða og gyðja. Reynt er að draga fram persónuleika þeirra ekki síst með samtölum. Samtölin eru tilbúningur minn en gagnleg til að gefa persónunum líf.

NOTKUN

Ég sé fyrir mér ýmsa möguleika á því hvernig hægt sé að nota þessa bók í skólanum: Kennari getur lesið bókina fyrir bekkinn í nestistímum og leyft svo nemendum að glíma við verkefni hverjum fyrir sig eða nokkrum saman.

Nemendur geta sjálfir lesið bókina og fengið eftir á að velja sér verkefni úr henni til að vinna. Þeir geta myndað litla hópa, þriggja til fjöggra manna sem lesa kaflana saman og vinna svo saman úr þeim.

Sjálfsagt er að vinna sem fjölbreyttust verkefni við bókina. Það má hugsa sér að lesa, skrifa, teikna, ræða saman, kynna fyrir öðrum, jafnvel að semja tónlist við ákveðin atriði, búa til veggspjöld eða líkón, útbúa glærusýningu, taka upp leikin atriði á myndband og taka viðtöl við persónur bókarinnar.

SAGNAGERÐ

Þetta efni er upplagt til sagnagerðar, ekki síst munnlegrar enda eru þetta upphaflega munnmælasögur sem hafa gengið frá kynslóð til kynslóðar. Ef kennari vill frekar að nemendur skrifi sögurnar sínar gæti hann látið þá hafa sérstaka stílabók fyrir þær. Til dæmis gætu allir verið með eins bók, gula, rauða, græna eða bláa. Ég hef sjálf sem kennari góða reynslu af slíku. Nemendur gætu þá unnið verkefni sem þeir svara skriflega í sömu bók sem yrði þeirra Edda!

LESSKILNINGUR

Bein lesskilningsverkefni sem geta stuðlað á betri skilningi nemenda á efninu eru unnin úr fimm köflum. Ýmsar spurningar í verkefnunum reyna einnig á les- eða textaskilning.

SAMLESTUR

Lífið í Ásgarði inniheldur heilmikið af samtölum. Sumir kaflarnir gætu því hentað vel til samlestrar og ég hef á fjórum stöðum í þessum leiðbeiningum sett kafla eða hluta þeirra upp í samtalsformi. Nemendur geta lesið saman en einnig gætu þeir gengið lengra og leikið þessa kafla. Hægt er að festa á myndband þegar nemendur lesa upp eða leika atriði úr bókinni. Svo má halda sýningu og bjóða gestum í heimsókn, krökkum úr öðrum bekkjum, kennurum, foreldrum.

Aftast er að finna hugtakasafn úr norrænni goðafræði.

*Gangi ykkur vel.
Iðunn Steinsdóttir*

UMRÆÐUEFNI OG KENNSLUHUGMYNDIR

Hér á eftir er farið yfir kafla bókarinnar og gefnar hugmyndir um umræðuefni. Síðan eru meðfylgjandi verkefni sem nemendur geta spreytt sig á í tengslum við valið efni úr bókinni ef kennurum sýnist svo.

1. KAFLI

Á vinnublaðinu sem fylgir þessum kafla er spurt:
„Af hverju fóru æsir ekki út í búð og keyptu verkfærin sem þá vantaði?“
Þetta ætti að gefa tilefni til vangaveltna um það hvað margt var ólíkt „í gamla daga“ því sem nú er. Einnig er tilvalið að ræða um óþekkt og það þegar menn gera það sem þeir hljóta að vita að þeir mega ekki gera.

2. KAFLI

Hér eru allir sem sátu á þinginu á Iðavelli taldir upp og það ætti að rifja upp fyrir nemendum nöfnin á goðum og gyðjum. Töframáttur persónanna er samur við sig. Sjón og heyrn Heimdalls á sér engan líka og hér má velta fyrir sér hvernig megi nýta svona hæfileika sem best. Þessum kafla fylgir lesskilningsverkefni.

3. KAFLI

Loki fer inn í fjallið til að hitta svartálfana. Skyldu nemendur trú á því að álfar og dvergar séu til? Hafa þeir séð þá? Ekki er ólíklegt að einhverjir svari játandi og mætti bjóða þeim að segja frá þeirri lífsreynslu. Dvergarnir smíða þetta fína seglskip. Af hverju ekki vélskip? Hluti af þessum kafla er líka settur upp í samlestrarformi með fjórum persónum.

4. KAFLI

Hvað er rétt að kosta miklu til þegar við viljum eignast eitthvað? Kannski er það þörf umræða í okkar makalaus neyslubjórðfélagi. Samningur Loka við Brokk getur gefið tilefni til að velta þessu fyrir sér. Hluti af þessum kafla er líka settur upp í samlestrarformi með fjórum persónum.

5. KAFLI

Loki er mjög áberandi í þessari bók með sínum endalausum uppátækjum sem ýmist koma sér vel eða illa fyrir goðin. Hér má ræða við nemendur um það hvort þau hefðu átt að standa með honum þegar Brokkur ætlaði af höggva af honum höfuðið. Er kannski hægt að leysa málin með samningum? Á maður að hjálpa þeim sem er í hættu þó að hann hafi komið sér í hana sjálfur?

6. KAFLI

Ekki veit ég hvort nemendur fylgjast almennt með fréttum en geri þeir það hlýtur umræðan um allt sem þjóðin telur sig vanta að vera þeim kunnugleg. Til dæmis öll göngin, allar virkjanirnar og verksmiðjurnar. Hér gefst tækifæri til að ræða um hve miklu við viljum kosta til. Værum við tilbúin að láta sól og mána fyrir þessi hnoss ef einhver töframaður eins og smiðurinn byði upp á það? Eins má vekja athygli á því að gyðjurnar voru ekki atkvæðisbærar og bera ástandið hjá þeim saman við það sem tíðkast á þinginu okkar í dag.

7. KAFLI

Í þessum kafla grípa goðin einu sinni sem oftast til þess ráðs að kenna Loka um það sem illa fer. Á vinnublaðinu eru nemendur spurðir álits á því og eiga að rökstyðja svar sitt.

Einnig má rifja það hér upp að Freyja er gyðja ástarinnar. Hvað yrði um mannkynið ef hún hætti að sinna sínu verki?

8. KAFLI

Þór drap smiðinn þegar ljóst var að hann ynni veðmálið. Þetta gefur tilefni til að ræða hvort við eigum að standa við orð okkar og samninga sem við gerum þó að við töpum á því þegar upp er staðið. Smiðurinn var reyndar undir fölsku flaggi. Breytti það stöðunni? Þessum kafla fylgir lesskilninsverkefni.

9. KAFLI

Hér mætti velta því fyrir sér hvers virði menntun sé. Á tímum goðanna voru engir skólar. Óðinn varð sjálfur að afla sér vísu og gekk hér svo langt að láta augað fyrir hana.

Hvaða möguleika ættum við í lífinu ef við gengjum ekki í skóla eða nenntum ekki að sinna náminu? Hvað eigum við að leggja mikið á okkur til að afla okkur vísu og þekkingar? Kannski að sleppa tölvuleikjunum

ákveðinn tíma á dag meðan við sinnum heimanáminu? Þessum kafla fylgir lesskilningsverkefni.

10. KAFLI

Þessi kafla gefur tilefni til að ræða lífið eftir dauðann og bera saman skoðanir ásatrúar og annarra trúarbragða á því. Hluti af kaflanum er settur upp í samlestrarformi með átta persónum.

11. KAFLI

Óðinn sá um heim allan úr Hliðskjálf og hrafnarnir flugu um heiminn og fluttu honum fréttir af því sem var að gerast. Á vinnublaðinu sem fylgir kaflanum eru nemendur spurðir hvernig við öflum fréttu í dag. Þetta mætti ræða nánar, bæði það hverjir bera okkur fréttirnar og eins hvernig þær eru valdar. Er fréttamatið alltaf eins og við vildum helst? Segja fjölmiðlarnir alltaf satt og rétt frá öllu?

Eins er hér hægt að ræða um heimsendaspár sem alltaf skjóta upp kollinum. Hafa nemendur einhverjar hugmyndir um hvernig heimsendi gæti borið að? Hluti af kaflanum er settur upp í samlestrarformi með tíu persónum.

12. KAFLI

Á vinnublaðinu með þessum kafla eru nokkrar spurningar sem nemendur geta unnið úr. Hægt væri að ræða um hvernig Sigyn hafi líðið þegar hún sá afkvæmin og í framhaldi af því hvernig okkur líði ef einhver svíkur okkur. Einnig fylgir lesskilningsverkefni kaflanum.

13. KAFLI

Hér koma fjötrarnir læðingur og drómi við sögu. Gaman væri ef nemendur kynnu og skyldu eftir lesturinn orðatiltækin að leysa e-ð úr læðingi og drepa sig úr dróma.

14. KAFLI

Nú er bókinni að ljúka og gæti verið gaman taka saman það sem hún sagði okkur um goðin. Hverjir gátu galdrað, hver var sterkastur af goðunum, hve oft bjargaði Loki málunum og hvað gerði hann mörg skammarstrik? Því miður eru konurnar ekki í stórum hlutverkum í þessum hluta Eddunnar og gjalda þess hér. Meðfylgjandi vinnublað byggist á þessum vangaveltum og einnig fylgir lesskilningsverkefni kaflanum.

HADDUR SIFJAR

Hvert þurftu æsir að fara á hverjum degi og hvað voru þeir að gera þar?

Hér er sagt frá því að æsir reistu smiðju og smíðuðu verkfæri sem þá vantaði. Af hverju fóru þeir ekki bara út í búð og keyptu þau?

Hvað vildi Kvasir gera fyrir mennina?

Af hverju varð Loki fúll út í Þór?

Hvað finnst þér um það sem Loki gerði um nóttina?

Ef einhver hegðaði sér svona í dag, finnst þér að það ætti að refsast honum?
Hvernig þá?

HEIMDALLUR VEIT SÍNU VITI

Hverjir mættu á laðavöll þennan morgun?

Í Glaðsheim

Í Vingólf

Af hverju ætli Loki hafi verið svona þreyttur?

Hver kom upp um Loka og hvernig fór hann að því?

Hugsaðu þér að þú hefðir eins góða sjón og heyrn eins og Heimdallur. Í hvaða starfi mundu þessir hæfileikar nýtast best?

GÓÐIR GRIPIR

Úr hverju var hárið sem dvergarnir smíðuðu?

Hugsaðu þér að þú sért eins góður smiður og dvergarnir. Þú ætlar að búa til gjöf handa vini þínum, helst eitthvað sem enginn annar á. Hvað mundirðu smíða?

Hvaða ráð gáfu Ívaldasynir Loka þegar hann fór frá þeim?

Heldurðu að hann muni fara eftir ráðunum? _____

Hvers vegna – hvers vegna ekki? _____

Skipið Skíðblaðnir fékk alltaf vind í seglin. Af hverju ætli dvergarnir hafi ekki frekar sett vél í það?

HÆTTVLEG HEIT

Loki lagði höfuðið að veði þegar hann samdi við Brokk.
Hefði hann getað samið um eitthvað annað? Hvað dettur þér í hug?

Af hverju ætli varinnar á Loka hafi verið svona rauðleitar?

Goðin þekktu ekki flugvélar en samt gátu mörg þeirra ferðast um loftið með ýmsum hætti.

Hvernig fór Loki að því að fljúga? _____

En Þór? _____

Hvenig mundir þú fljúga ef þú gætir valið þér einhverja aðferð?

ÞRÁÐURINN VARTARI

Hverjir áttu að dæma gripi dverganna? _____

Tengdu saman grip og heiti:

GUNGNIR	hamar
DRAUPNIR	skip
SKÍÐBLAÐNIR	spjót
MJÖLNIR	grís
GULLINBURSTI	gullhringur

Hvað finnst þér um dóminn? _____

Hvaða grip hefðir þú valið þér? Hvers vegna? _____

Finnst þér að æsir hefðu átt að hjálpa Loka þegar Brokkur ætlaði að hálshöggva hann? Rökstyddu svarið.

SMIÐVRINN ÓKVNNI

Hugsum okkur að einhver komi til okkar í dag og bjóðist til að bora göng í gegnum öll fjöll á Íslandi og smíða allar stóru fínu byggingarnar sem menn vilja að verði reistar. Á móti vill hann fá sól og mána. Hverju ættum við að svara?

Hvaða áhrif hefði það á líf okkar ef sólin væri tekin burt?

Af hverju ætli æsir hafi ekki bara sjálfir reist vegg í kringum Ásgarð?

Samkoma goðanna á Iðavöllum samsvarar Alþingi í dag. Er einhver munur á því hvað konur fengu að ráða miklu þá og núna? Segðu frá því.

VIRKISVEGGURINN RÍS

Var það rétt hjá Heimdalli að hleypa smiðnum inn í Ásgarð? Heldurðu að þú hefðir gert það í hans sporum?

Goðin sögðu að það væri Loka að kenna að þeir sömdu við smiðinn. Hvað finnst þér um það? Rökstyddu svarið.

Hvað hefði gerst hjá mönnunum ef smiðurinn hefði farið burt með Freyju?

Hvernig ætli Loki hafi útvegað merina? _____

VPPGJÖRIÐ VIÐ SMÍÐINN

Þór drap smíðinn þegar hann breyttist í bergrisa. Var rétt hjá honum að gera það? Rökstyddu svarið.

Hvaða goð var ekki ánægt með það sem Þór gerði? _____

Hugsaðu þér að þú eigir hest eins og Sleipni.
Hann var áttfættur og gat líka flogið.
Hvað ætli hann gæti gert sem aðrir hestar geta ekki?

Nú skaltu búa til sögu um ferðalag sem þú ferð í á hestinum. Segðu líka hvað hann á að heita.

VIÐKVBRUNNURINN

Samkvæmt frásögnunum í Eddu gat Loki brugðið sér í hvert það gervi sem honum sýndist. Finnst þér líklegt að þetta sé rétt?
Rökstyddu svarið.

Í hvaða gervi mundir þú breyta þér ef þú værir eins og Loki? Segðu líka hvers vegna þú mundir velja þetta gervi.

Hvert mundir þú oftast horfa ef þú ættir stól eins og Hliðskjálf og sæir um allan heim?

Hvaða ferð fór Óðinn til að vígja Sleipni og hvers vegna fór hann í hana?

ÁSTANDIÐ Í NIFLHEIMI

Óðinn sagði að öll vötn veraldar rynnu úr brunninum Hvergelmi.
Heldurðu að þetta sé rétt?

Hverjir bjuggu í Niflheimi? _____

Hvað gerðu einherjar eftir dauðann? _____

Hvort heldurðu að það hefði verið betra að lenda í Niflheimi eða Ásgarði og hvers vegna?

Í þessum kafla eru margar undarlegar persónur. Hver finnst þér vera

hræðilegust? _____

skrítnust? _____

best? _____

RAGNARÖK

Huginn og Muninn flugu um allan heim til að afla fréttar fyrir Óðin. Hvernig fáum við fréttir í dag af því sem gerist í heiminum?
Nefndu a.m.k. tvö atriði.

Ragnarök þýddu sama og heimsendir. Ýmsir hafa lengi trúað og spáð að heimsendir væri í nánd. Einhvern tímann átti halastjarna að rekast á jörðina og eyða henni. Sumir segja að mennirnir séu að eyðileggja lofthjúpin með mengun og þess vegna sé heimsendir á næstu grösum. Dettur þér eitthvað í hug sem gæti valdið heimsendi?

Nú skaltu búa til sögu þar sem heimsendir er að skella á en þér og vinum þínum tekst að forða því.

YNDISLEG AFKVÆMI

Ef þú mættir eiga eitt af afkvæmum Loka hvert þeirra mundirðu velja þér?

Hvaða gagn heldurðu að þú gætir haft af því? _____

Hvernig heldurðu að Sigyn hafi liðið þegar hún sá afkvæmin?

Af hverju ætli Týr hafi ekki gefið Fenrisúlfi meira kjöt?

Hugsaðu þér að þú sért Hel og eigir að skipuleggja Niflheim. Þar eru níu heimar og þú getur sett reglur um það hverjir eigi að búa hvar. Hvernig mundirðu raða fólkinu niður?

LÆÐINGUR OG DRÓMI

Fjöturinn gleipnir var gerður úr ýmsu efni sem er ekki til.
Tengdu saman það sem saman á:

köttur	hráki
kona	andi
fiskur	dynur
björn	rót
bjarg	skegg
fugl	sinar

Finnst þér trúlegt að svona þráður sé sterkur?

Hvaða efni mundir þú nota ef þú ætlaðir að búa til þráð sem ekki væri hægt að slíta?

Hvernig mundirðu prófa hvort hægt væri að slíta hann?

FENRISÚLFUR BUNDINN

Freyja sagði að Týr væri djarfastur goðanna. Ertu sammála henni? Ef ekki hver finnst þér þá vera það?

Hvað hét gyðja lækninganna? _____

Nú er bókinni að ljúka. Hér eru nokkrar spurningar sem þú skalt svara. Ef þú ert í vandræðum flettirðu bara til baka og finnur svarið.

Hver var sterkastur af goðunum? _____

Teldu upp a.m.k. þrjá sem gátu galdrað. _____

Loki var dálítið hrekkjóttur og gerði ekki alltaf það sem rétt var. En hann var líka hjálpsamur og bjargaði oft goðunum þegar þau lentu í vandræðum. Segðu frá tvennu sem hann mátti ekki gera en gerði samt.

Stundum bjargaði Loki líka málunum fyrir goðin. Teldu upp tvennt sem hann gerði til að bjarga þeim úr vanda.

HEIMDALLUR VEIT SÍNU VITI

– Það er eitt sem mig langar að vita áður en við byrjum að þinga, sagði Heimdallur og horfði sínum björtu augum á Loka.

– Hvað er það? spurði Loki og geispaði.

– Hvaða gullnu þræðir eru það sem skreyta flíkurnar þínar?

Gullnu þræðir? Allir litu á Loka og síðan hver á annan. Þeir sáu enga þræði.

– Ég held að þú sért nú farinn að sjá ofsjónir, sagði Loki.

– Ég sé aðeins það sem er, sagði Heimdallur og nú var röddin nístandi köld. Hann teygði sig að Loka sem ýtti honum frá.

– Láttu mig í friði, hvæsti hann.

– Leyfið þið mér að skoða þessa þræði, hrópaði Sif. Hún þaut að Loka og virti hann fyrir sér.

– Ég sé ekkert, sagði hún vonsvikin.

– Auðvitað ekki, svaraði Loki hróðugur.

En nú var Þór nóg boðið. – Ég skal halda þessum væskli meðan þú tínir af honum það sem þú sérð en okkur er hulið, sagði hann við Heimdall. Heimdallur lét ekki standa á sér og fyrir en varði hafði hann tínt saman hrúgu af örmsmáum gullnum þráðum úr flíkum Loka.

– Hvað ætli þetta geti nú verið? sagði hann og bar þá að höfði Sifjar. Allir gægðust og nú sáu þeir þræðina.

– Loki, það er Loki sem hefur unnið þetta óhæfuverk! hrópaði hver upp í annan.

Þór reis á fætur og gekk til Loka: – Ég skal mölva í þér hvert bein, mala þig mélinu smærra, þú skalt ekki sjá sólina rísa að morgni, orgaði hann.

– Bíddu, bíddu, ég skal bæta fyrir þetta! kveinaði Loki.

– Bæta fyrir! Hvað ætli þú getir bætt fyrir, skíthæll!

öskraði Þór og kreisti Loka svo að brakaði í hverju beini.

Þá reis Sigyn á fætur og gekk til þeirra.

– Ég bið þig að sleppa Loka. Hann veit lengra nefi sínu og kann ýmis ráð. Ég trúi að skaðinn verði bættur.

Þór leit á hana, kreisti svo Loka í annað sinn og sagði:

– Hvernig þykistu ætla að bæta Sif þennan missi?

– Ég fer til svartálfanna og fæ þá til að smíða hödd úr gulli! veinaði Loki.

– Hann verður að vaxa eins og annað hár, öskraði Þór og kreisti enn.

– Auðvitað gerir hann það en ég kemst ekki ef þú verður búinn að brjóta mig allan og bramla, emjaði Loki.

– Slepptu honum, við skulum sjá hvað hann getur, sagði Sif sem vildi allt til vinna að fá hár sem fyrst.

Þór losaði tökin á Loka og hrinti honum niður af pallinum.

– Hundskastu þá af stað og þú skalt ekki voga þér að koma tómhentur heim.

Þau horfðu á eftir á Loka sem væflaðist burt, vesældarlegur í fyrstu en rétti smám saman úr sér uns hann gekk beinn og reffilegur eins og hann ætti alla veröldina.

Hvað sá Heimdallur á Loka sem aðrir sáu ekki?

Af hverju var Þór að halda Loka föstum? _____

Hvað tíndi Heimdallur úr flíkum Loka? _____

Hverja ætlaði Loki að fá til að hjálpa sér? _____

Úr hverju átti nýja hárið að vera? _____

VPPGJÖRIÐ VIÐ SMÍÐINN

Svaðilfari virtist þreyttur eftir hamanganginn og honum gekk hægt að draga björgin heim. Þegar langt var liðið á dag sá smiðurinn að með þessu áframhaldi tækist sér ekki að ljúka verkinu í tíma. Hann var fullviss um að æsir hefðu sent merina sem tryllti Svaðilfara og var ákveðinn í að láta hart mæta hörðu.

– Nú kasta ég hamnum og sýni þessum ræflum að ég er ofjarl þeirra, sagði hann við sjálfan sig. Hann tók á öllu sínu, þandist út og óx í báða enda uns hann var orðinn að þeim berggrisa sem hann var í raun og veru. Þá greip hann björgin og fleygði þeim að veggnum.

Æsir sem höfðu fylgst með allan daginn og talið að málinu væri borgið fylltust skelfingu þegar þeir sáu hamskipti smiðsins. Vísast tækist honum að ljúka smíðinni á tilsettum tíma fyrst svona var í pottinn búið.

Það var líkt og æði rynni á þá. – Þetta er berggrisi! Hann hefur verið hér undir fölsku flaggi í allan heila vetur. Hann hefur blekk okkur en nú er því lokið! æptu þeir.

– Já, nú er því lokið, þrumaði Þór og geystist af stað með hamarinn Mjölni á lofti. Eldingar leiftruðu um himinhvolfið og þrumurnar dundu.

– Nú skal ég gjalda þér smíðakaupið! Ekki munu sól og máni lýsa upp höll þína í jötunheimum og aldrei færðu Freyju, svikarinn þinn! Þú skalt gista Niflheim og hitta þar fyrir þína líka! orgaði hann og fleygði hamrinum í höfuð smiðsins.

Höfuðið tvístraðist og smiðurinn hneig til jarðar.

– Þá er því lokið, þrumaði Þór, stakk hamrinum í pyngju sína og þrumaði inn á Iðavöll.

Af hverju gekk Svaðilfara hægt að draga björgin heim? _____

Hver hélt smiðurinn að hefði sent merina? _____

Í hvað breyttist hann? _____

Hvað gerði hann við björgin? _____

Hvað voru æsir hræddir um að mundi gerast þegar þeir sáu smiðinn breytast?

Hvað hafði smiðurinn viljað fá í kaup? _____

Hvað gerði Þór við smiðinn? _____

VIŠKUBRUNNURINN

Óðinn hagræddi sér á stólum og hvessti augun út í morgungráa veröldina. Á afskekktum stað þar sem allir vindar næddu sat hvíthærð völva og horfði hugsandi í gaupnir sér. Og þarna var jötunninn Mímir nývaknaður, teygði sig í ausu og fékk sér sopa úr brunninum, þambaði stórum og sleikti svo út um. Augun loguðu af visku og Mímir strauk magann mjúklega eins og til að dreifa henni sem víðast. Óðinn fann sárt til þorsta og undir niðri hafði hann alltaf verið ákveðinn í að ná sér í sopa úr þessum brunni.

– Nú á ég þennan forlata hest. Er ekki maklegt að vígja hann með ferð til Mímis? hugsaði hann, stökk á fætur, söðlaði Sleipni og settist á bak. Einherjar voru komnir út á völl og bardagi dagsins hafinn. Siguróp og sverðaglamur léku í eyrum hans þegar hann reið í átt til Bifrastar.

Þetta var löng leið og þó að hann hefði farið hér um gangandi á æskudögum var hann feginn að hafa reiðskjótann í þetta sinn. Lengra og lengra hélt hann, langt inn í Jötunheima og loks blasti rót Yggdrasils við. Hún þræddi loftið uns hún hvarf í jörðina á dimmum og drungalegum stað. Óðinn hraðaði sér þangað og reið varlega eftir þröngum stíg sem lá niður með henni þar til hann kom að hömrum girtu gljúfri og í botni þess lá brunnurinn. Á bakkanum vöppuðu tveir hrafnar.

Vatnið var svo tært, hann langaði mest til að fleggja sér niður og teygja það en áður en hann náði svo langt heyrðist dimm rödd:

- Hvað er þér á höndum?
- Ég er kominn til að drekka af vatninu í Mímisbrunni og öðlast aukna visku, svaraði Óðinn.
- Ég veit hver þú ert og þekki þinn viskuskort. En það drekkur enginn af brunninum mínum nema ég.
- Ekki trúi ég að þú neitir sjálfum alföður um smásopa

af speki. Það er ekki eins og ég ætli að tæma brunninn, svaraði Óðinn.

– Hver dropi er mér dýrmætur.

– Mig grunar að þú munir afstýra ómældum voða ef þú lætur mér þetta eftir, sagði Óðinn.

– Jæja þá, ég ætti svosem að geta séð af munnsopa handa þér ef þú borgar fyrir hann, svaraði Mímir.

– Með ánægju. Hvað viltu fá?

– Auga þitt, svaraði Mímir að bragði.

Nefndu tvennt sem Óðinn sá þegar hann sat í Hliðskjálf. _____

Hvað hét hestur Óðins? _____

Hverjir voru að berjast úti á vellinum? _____

Hverjir vöppuðu á bökkum gljúfursins? _____

Hvað hét brunnurinn? _____

Til hvers vildi Óðinn drekka úr brunninum? _____

Hvað varð hann að láta Mími hafa fyrir sopann sem hann drakk?

YNDISLEG AFKVÆMI

Loki seildist niður í vasann og dró upp orm, gekk til Óðins, lagði orminn í kjöltu hans en ylfinginn og stelpuna á gólfið fyrir framan.

– Kæri alfaðir, mér er sönn ánægja að afhenda þér þessi börn okkar Angurboðu og treysti þér til að gera þeim allt til góða, sagði hann og flissaði.

Hrollur fór um æsina sem sátu umhverfis Óðin þegar þau sáu kvikindin. Hvernig gat Loki sem sjálfur var einn af goðunum eignast svona fyrirbæri? Ormurinn var lítill vöxtum en þó var eins og einhver ógn umlyki hann og ósjálfrátt drógu þeir að sér fætuna þegar hann renndi sér niður á gólfið og byrjaði að mjaka sér um.

Óðinn seildist í hann. – Ég gef þér nafnið Miðgarðsormur og þú skalt dvelja í hafinu umhverfis Miðgarð. Ef þú hefur stærðina úr móðurættinni grunar mig að með tímanum náirðu að bíta í sporðinn á þér.

Svo reis hann upp og fleygði orminum af öllu afli frá sér. Goðin horfðu á hann smjúga gegnum loftið og stefna út á hið úfna haf.

– Þar mun hann dvelja til ragnaraka og safna í sig eitri sem hann spýr frá sér í hildarleiknum, sagði Óðinn myrkur á svip.

Óðinn seildist í stúlkukindina og virti hana fyrir sér. Hún var skelfileg ásýndum, annar helmingur andlitsins hvítur en hinn blár. Svipurinn var hörkulegur en einbeittur og Óðinn fann að þetta kríli ætti eftir að standa sig. Hann leit yfir hópinn sem sat spenntur og beið.

– Nýlega kom ég í Niflheim. Þar blöstu við mér vesalingar á leið til heljar en þar er ástandið vægast sagt slæmt. Dæmalaus óreiða er á öllum hlutum, hinir framliðnu ráfa um og vita ekki hvar þeir eiga að vera. Ekki skortir húsakynnin í þeim níu heimum sem þar eru og því ætti að vera hægt að koma skikki á ástandið. Mér líst svo á

Þessa firnaljótu skessu að hún muni hafa bein í nefinu. Ég set hana yfir heimana níu og fel henni að deila þeim sem þangað koma niður á rétta staði, sagði hann.

Hann reis upp og fleygði stúlkunni af öllu afli í norðurátt.

– Hel skaltu heita,
til heljar skaltu fara
og hel skaltu stjórna um aldur og ævi,
hrópaði hann á eftir henni.

Hrafnarnir lyftu sér til flugs og fylgdu henni eftir. Þeir komu von bráðar til baka og staðfestu að hún væri lent í hel og þegar byrjuð að taka til hendinni.

Þá var aðeins úlfurinn eftir. Óðinn horfði á hann þögull um stund, leit svo upp og sagði: – Fenrisúlfur heitir þessi skepna og hún verður mér að bana í fyllingu tímans.

Hvaða þrjú afkvæmi kom Loki með? _____

Hvað gerði Óðinn við orminn? _____

Hverju átti ormurinn að safna í sig? _____

Hvernig leit stelpan út? _____

Hvað voru margir heimar í Niflheimi? _____

Hvað kallaði Óðinn stelpuna? _____

Hvað sagði Óðinn að úlfurinn mundi gera sér? _____

FENRISÚLFUR BUNDINN

– Einhver ykkar leggur hönd sína í skoltinn á mér. Ef þið svikið mig þá á ég höndina.

Þögnin varð löng og Fenrisúlfur slefaði og glotti við tönn. Þarna hafði hann gert goðin heimaskítsmát, enginn mundi vilja sjá af hendinni.

Þá steig Týr fram.

– Ég skal leggja hönd í gin úlfsins.

Æsir vörpuðu öndinni léttar en úlfurinn urraði vonskulega. Týr stakk hendinni upp í hann og þeir tóku til óspilltra mála að vefja hann mjúku bandinu og að lokum hnýttu þeir hnútana fast og vel.

Svo tók úlfurinn að brjótast um. Týr fann beittar tennurnar stingast í sig þegar hann tók á, spyrnti við og reyndi að losna.

Lengi stakk úlfurinn stömpum og reyndi hvað hann gat en að lokum gafst hann upp.

Þá hlógu goðin, þau veltust um eins og hnyklar, æpandi og veinandi af hlátri og tárin streymdu niður vangana. Þó var einn sem ekki hló. Það var Týr sem stóð og horfði á blóðugan handlegginn. Höndin var horfin og hann heyrði brestina þegar beinin molnuðu í kjafti úlfsins sem bruddi hana af óslökkvandi græðgi.

– Þetta er besti biti sem ég hef fengið, urraði hann og sleikti út um.

Loks linnti kæti ásanna og þeir tóku til óspilltra mála að festa fjöturinn. Endanum stungu þeir gegnum steinhellu sem þeir ráku langt niður í jörðina. Úlfurinn gapti ógurlega og reyndi að glefsa í æsi en þeir brugðu sverði upp í kjaftinn á honum. Skaftið nam við neðri góm en oddurinn við þann efri. Úlfurinn grenjaði illilega og slefan lak út úr honum. Af henni varð til á sem þeir nefndu Ván.

– Nú get ég haldið heim óttalaus í bili því að hér mun úlfurinn liggja bundinn allt fram til ragnaraka, sagði Óðinn.

Þeir flyktust í bátinn og reru til lands. Ásynjurnar stóðu á bakkanum og biðu með spurn í augum. Mikill var fögnuðurinn þegar þær heyrðu að úlfurinn hefði verið fjötraður. En þegar Týr staulaðist upp úr bátinum náfölnur með blóðugan stúfinn heyrðist hljóð úr horni.

– Hvað kom fyrir? Réðist úlfurinn á hann?

Æsir litu hver á annan. Í gleði sinni yfir afrekinu höfðu þeir gleymt fórn Týs. Nú rétti Óðinn úr sér og sagði frá því sem gerst hafði og gætti þess að gera hlut Týs sem mestan og bestan.

– Mér sýnist af þessu að Týr sé djarfastur goðanna, sagði Freyja þegar hann hafði lokið máli sínu.

Eir leiddi Tý heim til sín og bjó um sárið af sinni stöku list. Iðunn kom með eplin og rétti honum eitt.

– Mér sýnist þér ekki veita af, þú hefur elst og hrörnað við þetta og skyldi engan furða, sagði hún.

Týr borðaði eplið með bestu lyst og hresstist allur við. Smyrslin sem Eir smurði á sárið höfðu dregið úr sársaukanum og nú leið honum miklu betur.

Hver var krafa úlfsins? _____

Af hverju hlógu goðin? _____

Hvers vegna hló Týr ekki? _____

Hvað hét áin myndaðist úr slefu Úlfsins? _____

Hver sagði Freyja að væri djarfastur goðanna? _____

Hvað gerði Eir fyrir Tý? _____

Hvað gaf Iðunn honum? _____

GÓÐIR GRIPIR

PERSÓNUR: Þulur, Loki, yngri dvergur, eldri dvergur

- Þulur:** Niður, niður, alltaf niður, gegnum gljúfur, gjár og hella. Um síðir náði Loki inn í dökkan heim svartálfanna og var feginn að tylla sér. Hann þekkti Ívaldasyni sem voru afbragðs smiðir. Þeir tóku honum vel.
- Yngri dvergur** (glottir): Í hvaða vandræði ertu nú búinn að koma sér, Loki sæll.
- Loki:** Vandræði, svo sem engin vandræði beinlínis. Þór er bara brjálaður í skapinu. Maður má ekki gera að gamni sínu þá tryllist hann.
- Eldri dvergur:** Hvað viltu að við gerum fyrir þig?
- Loki:** Búið til gullhár á Sif. Það þarf að festast við kollinn og vaxa eins og venjulegt hár.
- Yngri dvergur:** Ætlarðu að segja mér að þú hafir rænt hárinu af Sif?
- Loki:** Rænt og rænt, ég skar smávegis, eða svoleiðis. Það var svo freistandi að ég gat ekki hamið mig.
- Yngri dvergur:** Tókstu bara einn lokk?
- Loki:** Nei, blessaður vertu, ég tók það allt úr því að ég var að þessu á annað borð.
- Eldri dvergur:** Ekki var það nú neitt smávegis.
- Yngri dvergur:** Svo ertu hissa á að Þór skyldi reiðast.
- Loki:** Það er nú ekki eins og þetta vaxi ekki aftur. En þau hafa ekki tíma til að bíða, heimta nýtt hár eins og skot. Úr gulli. Hann mөлvar í mér hvert bein, þetta hross, ef ég kem ekki með það.
- Yngri dvergur:** Það er eins gott að við brettum upp ermarnar.
- Þulur:** Þeir höfðu hröð handtök, sóttu stóran gullklump, digra hamra og krangalegar tengur. Svo var barið og bangað og áður en langt um leið flæddi gullið út og varð að síðu og miklu hári. Það var geysifagur haddur sem var þeim töfrum gæddur

að hann mundi óðara festast og halda áfram að vaxa.

Loki: Þetta er mikil listasmíði eins og við var að búast. En ekki mundi nú saka að hafa svona einn eða tvo gripi til viðbótar. Það veitir ekki af að mýkja þessi goð, þetta er svo stórt upp á sig.

Eldri dvergur: Hvað varstu líka að fara í Ásgarð, fór ekki nógu vel um þig þar sem þú varst?

Loki: Mér fannst bara finna að telja mig til goða. Það eru líka stundum svoddan groddalæti í jötnunum. En goðin eru bara ekkert betri, að minnsta kosti sum.

Yngri dvergur: Ætli málið sé ekki bara að þú kemur þér alls staðar í vandræði með þessum furðulegu uppátækjum þínum.

Loki: Ég! Hingað til hef ég nú verið friðsemdin sjálf, spyrjið þið bara Sigyn.

Pulur: Dvergarnir hristu höfuð, kyntu aflinn og settu járn á hann. Eftir nokkra stund birtist glæsilegt spjót. Sá eldri rétti Loka það.

Eldri dvergur: Hér er spjótíð Gungnir sem stingst í gegnum hvað sem er og má mikið vera ef það bræðir ekki hjörtu goðanna.

Loki: Stórkostlegt. Ég gef Óðni það, því ekki freistar það mín. Sá sem hefur höfuðið í lagi þarf ekki á spjóti að halda.

Eldri dvergur: Ekki er þér sjálfrátt. Ég hefði nú haldið að ef einhver íbúi Ásgarðs hefði höfuð sem nýttist honum væri það einmitt Óðinn.

Loki: Hann heldur að hann viti allt af því að hann hékk í þessum Aski í nú nætur. Eins og það sé nú eitthvað til að monta sig af.

Pulur: Dvergarnir litu hvor á annan með uppgjöf í svipnum.

Yngri dvergur: Allt er þegar þrennt er.

Pulur: Loka var orðið heitt. Hann settist utan við smiðjuna og kældi sig í svölu rökkriinu. Áður en langt um leið birtust Ívaldasynir með stórt og mikið skip.

- Yngri dvergur:** Hér hefurðu Skíðblaðni. Í hvert sinn sem segl eru undin upp fær hann byr.
- Loki:** Þetta er dæmalaust fagurt fley. Það eina sem vefst fyrir mér er hvernig ég eigi að drösla því upp um hellana og gjárnar, alla leið heim í Ásgarð.
- Eldri dvergur:** Sá sem hefur haus eins og þú ætti ekki að vera í vandræðum með það. Hins vegar er þetta skip þannig gert að þú getur brotið það saman og stungið í pyngjuna þína.
- Loki:** Ekki er logið á Ívaldasyni.
- Pulur:** Hann braut Skíðblaðni í smátt og tróð honum í pokaskjatta sem hann bar við beltið.
- Loki:** Þið hóíð í mig ef ykkur liggur lítið við.
- Yngri dvergur:** Ekki skal standa á því.
- Pulur:** Þeir horfðu á eftir honum þegar hann skeiðaði léttfættur af stað með gripina.
- Dvergarnir (hrópa):** Reyndu svo að hafa hemil á hrekkjunum.

HÆTTVLEG HEIT

Persónur: Pulur, Loki, Brokkur, Eitri

- Pulur:** Loki var hæstánægður með gripina frá Ívaldasonum enda virtust þeir einstakir. Hann stikaði blístrandí áfram og munaði minnstu að hann gengi svartálf sem hann mætti um koll. Álfinum rétt tókst að skjótast til hliðar, öskureiður, og sendi Loka tóninn
- Brokkur:** Hvað á þetta að þýða? Maður gæti haldið að þú værir kominn með mikilmennskubrjálæði bara af því að þú ert fluttur í Ásgarð. En ég er þá illa svikinn ef þú verður ekki sami gallagripurinn hér eftir sem hingað til.
- Loki:** Láttu ekki svona, Brokkur minn. Ekki get ég að því gert þó að þú sért svo lítill að ég sjái þig ekki. Reyndar segir stærðin ekki allt og allir vita að þið bræður eruð einstakir snillingar og völundar á tré og járn.
- Brokkur:** Og gull.
- Loki:** Ég er samt ekki viss um að þið gerið eins fallega gripi og Ívaldasynir.
- Brokkur:** Ívaldasynir! Þeir eru nú bara fúskarar miðað við okkur.
- Pulur:** Loki dró upp gripina þrjá.
- Loki:** Líttu á, þetta voru þeir að smíða fyrir mig. Heldurðu að hann Eitri bróðir þinn geri betur?
- Brokkur:** Jú, jú, þetta er svosem þokkalegt en ekkert á við gripina hans Eitra.
- Loki:** Eigum við að láta á það reyna? Eitri smíðar líka þrjá gripi og við biðjum goðin að dæma hver sé bestur?
- Brokkur:** Hvað fæ ég að launum ef ég vinn?
- Loki:** Jah, það er nú það.
- Brokkur:** Sleppum þessu, þú hefur ekki upp á neitt að bjóða.

- Loki:** Ég legg höfuðið á mér að veði.
- Brokkur:** (klórar sér í kollinum) Komdu þá.
- Pulur:** Eitri sat á steini utan við smiðjuna. Brokkur sagði honum frá samkomulaginu og Eitri reis á fætur glottandi.
- Eitri:** Ég trúi að í hausnum á Loka búi sitthvað sem gæti komið okkur að gagni.
- Pulur:** Þeir gengu inn í smiðjuna og Eitri lagði stórt svínsskinn í aflinn.
- Eitri:** Nú skalt þú blása sem mest þú mátt og ekki stoppa eitt andartak fyrr en ég kem og segi þér að hætta.
- Pulur:** Hann fór út úr smiðjunni og settist á steininn sinn.

Brokkur lét ekki á sér standa, loftið streymdi úr fýsibelgnum og eldurinn logaði glatt. Loki sá að skinnið breyttist og byrjaði að taka á sig mynd. Hann hugsaði svo að brakaði í hausnum. Kannski yrðu gripir Eitra merkilegri en hinir og hvað þá? Hann hafði svosem vitað að þetta veðmál gæti verið áhætta. En hann yrði að gera sitt til að koma í veg fyrir að þeir bræðurnir ynnu. Hann hörfaði út í dimmasta skotið í smiðjunni og einbeitti sér um stund . . .

Brokkur blés og blés en allt í einu fann hann óþægilegan sting í hendinni og leit niður. Stærðar fluga hafði sest á handarbakið og kroppaði í það. Þetta var verulega sárt en hann beit á jaxlinn, mátti ekki láta hana trufla sig.

Brátt kom Eitri inn og tók úr aflinum smíðisgripinn sem var nú tilbúinn.

- Eitri:** Þetta er ljómandi grís og gullni hábrúskurinn reglulega snotur.
- Pulur:** Brokkur var ekki seinn á sér að sleppa taki á fýsibelgnum og slá á höndina þar sem flugan hafði verið að angra hann. En þar var engin fluga, aðeins rauð bóla.
- Eitri:** Hér er meira gull, blástu nú eins og þú getur og þú mátt ekki hætta eitt andartak til að smíðin verði fullkomin.

Pulur: Brokkur hóf blásturinn. Ekki leið á löngu þar til hann fann sáran sting í hálsinum. Hann sá ekki hvað var að gerast en vissi það þó. Í þetta sinn var flugan mun kröftugri og hann fann að hún boraði sig í gegnum skinnið, krafsaði og beit. Hann var í þann veginn að gefast upp þegar bróðir hans kom inn, sagði honum að stoppa og seildist í þennan fína gullhring. Um leið hætti flugan að krafsa en Brokkur strauk burt blóðdropa sem hneig niður eftir hálsinum.

Eitri: Þá er sá síðasti eftir. Nú verður þú að knýja belginn af öllum kröftum því að þessi gripur eyðilegðist ef þú stansar andartak.

Brokkur: Það er hægara sagt en gert. En ég geri mitt besta.

Pulur: Eitri hvarf út um dyrnar, Brokkur dró andann djúpt og blés og másaði. Ekki lét flugan á sér standa og nú settist hún milli augnanna á honum. Hún krafsaði í hvarmana, boraði og beit, blóðið tók að drjúpa niður í augun og blindaði hann. Loks gafst hann upp, sleppti belgnum með annarri hendi og strauk fluguna burt. Belgurinn lagðist saman og rétt í því kom Eitri inn. Hann tók myndarlegan hamar úr aflinum og skoðaði í krók og kring.

Eitri: Nú munaði litlu að illa færi. Þó held ég að þetta sleppi.

Brokkur: Heldurðu að hausinn hrjóti kannski af þegar farið er að berja með hamrinum? spurði hann áhyggjufullur.

Eitri: Tæplega, en skaftið átti að vera lengra að framan. Þú hættir að blása.

Brokkur: Það var þessi fjárans fluga sem var að angra mig.

Pulur: Loki sleikti varirnar sem voru óvenju rauðar.

Loki: Flugu, ekki sá ég neina flugu.

Brokkur: Bíddu þangað til ég er kominn með hausinn á þér í hendurnar.

Eitri: Nú farið þið með þessa gripi til ásanna og ég vænti að Brokkur komi ekki tómhentur til baka.

ÁSTANDIÐ Í NIFLHEIMI

Persónur: Pulur, Óðinn, Huginn, Muninn. Ratatoskur, Níðhöggur, Frigg, Eir

- Pulur:** Sleipnir skeiðaði gegnum loftið og Óðinn var hress í bragði þó að hann sviði í augnatóftina. Hrafnarnir voru léttir á öxlunum og honum líkaði vel að vera ekki lengur einn á ferð.
- Óðinn:** Nú hef ég skoðað Urðarbrunn og Mímísbrunn en Hvergelmi hef ég ekki séð nema úr fjarska. Við skulum koma þangað og líta á hinn viðurstyggilega Níðhögg sem nagar askinn.
- Pulur:** Sleipnir tók óðara stefnu í norður og innan skamms var Niflheimur framundan. Það rann upp fyrir Óðni að þó að hann hefði dvalið alla sína bernsku og æsku á jötnaslóðum hafði hann aldrei komið svona norðarlega. Hér var allt frosið og kuldinn skelfilegur. Hrafnarnir þrýstu sér þétt að vöngum Óðins til að halda á honum hita. Þeir þeystu áfram gegnum hríðarmuggu þar til rótin blasti við.
- Huginn:** Mér finnst alltaf jafnundarlegt að hún skuli þola þennan kulda.
- Óðinn:** Askurinn er einstakt tré.
- Pulur:** Þeir fylgdu rótinni niður á við og komu loks að Hvergelmi.
- Óðinn:** Þetta er mikill brunnur enda renna öll vötn veraldar úr honum.
- Muninn:** Hér er margt um manninn.
- Pulur:** Í fjarska sáu þeir fjölda fólks sem hafði látið lífið á sóttarsæng, úr elli eða af slysförum. Það þokaðist áfram og stefndi niður á við þar sem glitti í dyr Heljar.
- Huginn:** Og þarna situr Níðhöggur og drekkur blóð eins og venjulega.
- Óðinn:** Þetta er andstyggileg skepna.

Huginn: Svo lætur hann sér ekki nægja að ráðast á dauða úr mannheimum, hann nagar líka rót trésins.

Óðinn: Það gerir hann af meinfýsni og eyðileggingarhvöt en ekki hungri. Þó mun honum ekki takast að farga askinum, skapanornirnar sjá til þess.

Pulur: Fylking dauðra mjakaðist ofurhægt áfram í hálfgerðu ráðaleysi.

Óðinn: Ég held að þeir ættu að koma sér inn áður en drekinn nær þeim.

Huginn: Það er ekki til fagnaðar að flýta sér. Í söllum heljar ríkir óreiða sem á sér engan líka í heiminum. Hinir framliðnu þvælast um í reiðileysi og enginn veit hvar hann á að vera.

Óðinn: Já, við bræðurnir gleymdum að hugsa fyrir því hvað tæki við eftir dauðann, nema hjá einherjum. En við gáfum þeim þó vitið og það hefur áreiðanlega hjálpað þeim til að lifa lífinu. Og við sköpuðum Kvasi sem helgar sig því að fræða þá og upplýsa.

Pulur: Rétt í því kom Ratatoskur þjótandi niður stofninn og sneri sér að Níðhögg.

Ratatoskur: Örninn segir að senn verði ragnarök og þá munir þú falla fyrir óvinum.

Níðhöggur: Segðu þeim auma lygara að ég muni standa af mér þá orrahríð en logar Múspellssona steikja hann sjálfan í ragnarökum.

Pulur: Ratatoskur hentist af stað aftur. Hann virtist ekki unna sér hvíldar eitt andartak.

Óðinn: Við skulum yfirgefa þennan dapra stað.

Pulur: Hann sló í Sleipni sem sveif upp í loftið. Þegar þeir komu yfir Miðgarð drap hann niður fæti og skildi eftir sig hömrum girt svæði.

Óðinn: Fallegur þykir mér staðurinn sá arna og ég nefni hann Ásbyrgi. Þar held ég að mennirnir muni eiga marga gleðistund.

Pulur: Þeir lentu heilu og höldnu í Ásgarði um það bil sem einherjar risu upp eftir bardaga dagsins. Eins og venjulega var handagangur í öskjunni

þegar þeir tíndu á sig hausa, hendur og aðra afhöggna limi og bjuggust til að stíka inn í Valhöll og hefja gleðskapinn. Frigg kom hlaupandi og faðmaði Óðin að sér.

Frigg: Hvað kom fyrir þig?

Óðinn: Ég gaf augað fyrir sopa úr viskubrunninum og það var þess virði.

Frigg: Nú sendi ég eftir Eir og bið hana að hreinsa sárið og binda um það.

Óðinn: Já, gyðja lækninganna græðir flest sár.

Pulur: Ekki stóð á Eir hún þurrkaði storknað blóðið, bar græðandi smyrsl á og lagði mjúk laufblöð yfir.

Eir: Ég legg til að þú hvílir þig vel til morguns og þá hygg ég að sárið verði gróið þó að ekki geti ég gefið þér augað aftur.

Óðinn: Ég kemst af án þess enda hef ég mér til aðstoðar þessa sómahrafna sem verða mér bæði augu og eyru.

Pulur: Svo leiddi hann Frigg inn í Valhöll, fékk sér vænan sopa af Heiðrúnarmiði og sofnaði vært.

RAGNARÖK

Pulur, Óðinn, Þór, Heimdallur, Týr, Baldur, Frigg, Sif, Loki, Freyr

- Pulur:** Óðinn var búinn að kalla alla íbúa Ásgarðs saman á Iðavelli. Hann leit yfir þöglan hópinn sem beið með spurn í augum.
- Óðinn:** Ég hef leitað mér þekkingar og veit nú ýmislegt um það sem framtíðin geymir. Ekki er það allt gleðiefni en okkur er best að vita sem flest ef við eigum að koma í veg fyrir að hið illa og óumflýjanlega gerist á næstunni.
- Þór:** (grípur hamarinn úr skjóðunni): Heldurðu að tröllin geri innrás?
- Óðinn:** Á vissan hátt má segja það. Ég er að tala um ragnarök. Þau vofa yfir okkur í óþekktri framtíð og þá mun sögu þess heims sem við þekkjum ljúka.
- Frigg:** Verður enginn fyrirboði, þannig að við vitum hvað er í aðsigi?
- Óðinn:** Reyndar. Ósköpin hefjast með fimbulvetri þá brestur á með snjóhríðar úr öllum áttum, frostið verður biturt og vindar hvassir. Og ekki nægir einn slíkur vetur heldur verða þrír samliggjandi. Síðan hefst hildarleikurinn.
- Pulur:** Óðinn þagnaði og horfði í gaupnir sér langa stund. Allir sátu hljóðir og sperrtu eyrun fullir af kvíða. Loks ræskti hann sig og hélt áfram:
- Óðinn:** Úlfarnir munu loks ná sínu langþráða takmarki að gleypa sól og mána. Himinn og jörð klofna, Múspells synir ríða fram með logandi eld og Surtur fer þar í broddi fylkingar.
- Týr:** Og hvað með okkur, ekki trúi ég að við tökum þessu án þess að reyna að bregðast við.
- Heimdallur:** Á þeirri stund mun ég blása í hornið og kalla æsi saman.

- Óðinn:** Rétt er það. Við æsir sækjum fram á völlinn ásamt einherjum sem berjast af mikilli list.
- Þór:** Ekki ættum við að verða í vandræðum með að sigra óvinina með alla þessa vösku bardagamenn.
- Óðinn** (sorgmæddur): Við munum öll deyja. Einungis nokkrir af sonum okkar feðga lifa af. Móði og annar ónefndur sonur þinn sem ekki er fæddur geyma hamarinn Mjölni eftir víg þitt. Synir mínir þeir Víðar og Váli munu byggja upp hinn nýja heim sem rís eftir ragnarök.
- Sif:** Ónefndur sonur sem ekki er fæddur. Við eigum þá eftir að eignast enn einn.
- Óðinn:** Ekki eru það mín orð.
- Frigg:** Verða engir aðrir sem lifa eftir ragnarök?
- Óðinn:** Baldur kemur frá Helju og lifnar aftur.
- Baldur:** Hvað áttu við, faðir minn, þegar þú segir að ég komi frá Helju?
- Óðinn:** Þann fróðleik drakk ég í mig úr Mímisbrunni. Ég veit ekkert frekar. En þú hittir Víðar og Vála. Þið rifjið upp það liðna og finnið gullnar töflur í grasi, þær sem svo oft hafa stýtt okkur stundir í leik og tafli.
- Vilji:** Ég trúí ekki að nokkrum takist að eyða veröldinni okkar, þessu stórkostlega sköpunarverki.
- Óðinn:** Jú, þeim tekst það. Í lok átakanna slengir Surtur eldi yfir jörðina og brennir heiminn allan. En áður en svo langt er komið munu nýjustu afkomendur Loka afreka sitthvað sem ég ætla nú að segja honum.
- Loki:** Getum við ekki geymt það, greyin eru svo lítil að mér finnst óþarfi að vera að gera veður út af þeim í bili.
- Óðinn:** Nei, því verður ekki frestað enda þurfum við að taka til okkar ráða og reyna að koma í veg fyrir að allt fari á versta veg. Ég krefst þess að þú sækir þau strax. Líf mitt er í veði.
- Pulur:** Andköf og stunur heyrðust, svo magnaðist hávaðinn uns hver æpti upp í annan.

- Týr:** Ætlar þessi fátíðingur aldrei að hætta að valda okkur skaða! **Frigg:** Hvað næst!
- Sif:** Hverju megum við eiga von á !
- Heimdallur:** Betur að hann hefði aldrei komið hingað!
- Þór:** Farðu og náðu í þessi ófétis afkvæmi á stundinni eða þú skalt hafa verra af! ...
- Pulur:** Þór reis á fætur og óð að Loka sem vatt sér undan og þaut eins og ör upp í loftið.
- Loki (æpir):** Ég skal þá sækja þau til að róa ykkur hugleysingjana.
- Pulur:** Þrír dagar liðu án þess að Loki léti sjá sig. Æsir skeggræddu hvað orðið hefði af honum og hvort hann mundi yfir höfuð koma aftur. Huginn og Muninn fóru daglega og fylgdust með úr fjarska. Þeir upplýstu að hann sæti við drykkju með tröllum og skipti sér ekkert af afkomendunum.
- Óðinn:** Hver er eiginlega móðirin?
- Huginn:** Angurboða heitir hún og er ferlegt tröll enda eru afkvæmin eftir því.
- Óðinn:** Angurboða, ég hef séð hana úr fjarska, þvílík ósköp,.
- Freyr:** Þetta er óskiljanlegt eins og hún Sigyn er mikil ágætis kona.
- Óðinn:** Ojæja, það er nú kannski ekki svo skrítið að menn hlaupi smávegis útundan sér jafnvel með jötnadætrum sem geta verið hinar þokkafyllstu. En með svona skessu, það er hreint ófyrirgefanlegt.
- Þór:** Á ég að fara og sækja þau?
- Óðinn:** Við skulum gefa honum aðrar þrjár nætur, ef hann ekki skilar sér þá sækirðu hann eða að minnsta kosti afkvæmin.
- Pulur:** Hann tyllti sér í Hliðskjálf, fékk sér krús af Heiðrúnarmiði og sagði við hrafnana:
- Óðinn:** Nú skuluð þið fljúga til Loka og tilkynna honum að hann hafi þriggja náttu frest.
- Pulur:** Hrafnarnir lyftu sér til flugs og hurfu út í kvöldblámann.

HUGTAKASAFN ÚR NORRÆNNI GOÐAFRÆÐI

Alfaðir er eitt af fjölmörgum heitum *Óðins*.

Alsvinnur og Árvakur heita hestarnir sem draga kerru *Sólar*.

Andhrímnir er nafn steikarans sem sýður göltinn *Sæhrímni* í katlinum Eldhrímni í *Valhöll*.

Askur og Embla eru fyrstu manneskjurnar samkvæmt sköpunarsögu norrænnar goðafræði. Þau urðu til þegar fyrstu *goðin*, *Óðinn*, *Vilji* og *Vé*, fundu tvö tré á ströndu og gerðu úr þeim mannverur. Óðinn gaf þeim anda og líf, Vilji vit og skilning, og Vé mál, heyrn og sjón.

Askur Yggdrasils sjá *Yggdrasill*.

Auðhumla heitir frumkýr sem varð til þegar hrímið draup í árdaga. Úr spenum hennar runnu fjórar mjólkurár sem nærðu *hrímpursinn Ými*. Auðhumla sleikti salta hrímsteina í þrjá daga og leysti úr þeim forföður goðanna, *Búra*.

Austri er einn fjögurra *dverga* sem halda uppi himninum sem gerður var úr höfuðskel *Ýmis*. Austri heldur uppi austurhorni himinsins, Norðri norðurhorninu, Suðri suðurhorninu og Vestri vesturhorninu.

Árvakur sjá *Alsvinni*.

Ás/Ásynjur sjá *æsir*.

Ása-Þór er eitt af heitum *Þórs*.

Ásgarður er bústaður *ása*. Hann stendur þar sem heimurinn rís hæst og þangað má komast um brúna *Bifröst*. Þar eru bústaðir *goðanna*, m.a. *Valhöll*.

Baldur er einn *ásanna*, sonur *Óðins* og *Friggjar*, eiginmaður *Nönnu* og faðir *Forseta*. Bústaður Baldurs er *Breiðablik*.

Baldur er bestur og vitrastur *goðanna* og eftirlæti allra.

Bergelmir er eini *jötunninn* sem ekki druknaði í blóði *Ýmis*. Því eru allar ættir *hrímpursa* komnar af Bergelmi og konu hans. Ýmir var afi Bergelmis.

Bestla er jötnamær, dóttir *Bölþorns jötuns*. Með *Bor* á Bestla hin fyrstu goð, *Óðin*, *Vilja* og *Vé*.

Bifröst heitir brúin milli *Miðgarðs* og *Ásgarðs* sem *goðin* byggðu og sést frá jörðu sem regnbogi. Annar endi Bifrastar er á himni, hjá *Himinbjörgum* þar sem *Heimdallur* býr. Á hverjum degi ríða *æsir* yfir Bifröst að *Urðarbrunni* til dóma.

Bil og Hjúki heita mennsk börn sem *Máni* tók til fylgdar við sig.

Bilskirnir er bústaður *Þórs*.

Bor heitir faðir fyrstu *goðanna*, *Óðins*, *Vilja* og *Vés*. Bor er sonur *Búra* og kona hans var *Bestla*, dóttir *Bölþorns* jötuns. *Jötnar* eru þannig forfeður *goðanna* og voru til á undan þeim.

Bragi er norræni skáldskaparguðinn, sonur *Óðins*. Þess vegna er skáldskapur oft kallaður bragur. Kona hans er *Iðunn*.

Breiðablik heitir bústaður *Baldurs* og *Nönnu*. Það er fagur staður þar sem aldrei verður óhreint.

Brísingamen er skartgripur *Freyju*.

Búri er ættfaðir *ásanna* sem kýrin *Auðhumla* sleikti lausan úr hrímsteinum, faðir *Bors* og afi hinna fyrstu *goða*, *Óðins*, *Vilja* og *Vés*.

Bölþorn heitir faðir *jötnameyjarinnar Bestlu*.

Dagur er sonur *Nætur* og persónugervingur dagsins. Hann ríður hestinum *Skinfaxa* yfir himininn en móðir hans, *Nótt*, ríður *Hrímfaxa*.

Dvergar eru vitrar verur sem búa undir *björgum* og í klettum. Þeir eru miklir hagleiksmenn. *Dvergarnir Austri*, *Norðri*, *Suðri* og *Vestri* halda uppi himninum, hver í sínu horni. Í *Snorra-Eddu* segir að *dvergar* hafi kviknað niðri í jörðinni eins og maðkar í holdi, þeir fyrstu í holdi *Ýmis*.

Einherjar eru menn sem deyja í bardaga og *valkyrjur* fara með til *Óðins* í *Valhöll*. *Einherjar* berjast daglangt á *Iðavelli* en að kvöldi rísa hinir föllnu upp og setjast að drykkju. Aðeins þeir menn sem dóu í bardaga gátu orðið *einherjar*.

Eldhrímnir heitir ketillinn í *Valhöll* sem *eldamaðurinn* *Andhrímnir* matbýr í göltinn *Sæhrími*.

Embla sjá *Askur og Embla*.

Epli Iðunnar eru töfraeppli sem halda *goðunum* ungum.

Gyðjan *Iðunn* gætir eplanna.

Élivogar er mikil á sem rennur úr *Niflheimi*. Við *sköpun* *heimsins* flytur hún með sér kuldann sem mætir hitanum úr *Múspellsheimi* í *Ginnungagapi*. Við þann samruna kviknar fyrsta lífið, hrímþursinn *Ýmir*.

Fensalir heitir bústaður *Friggjar*.

Freyja er norræna ástargyðjan. Hún er af *vanaætt*, dóttir *Njarðar* og systir *Freys*. Freyja ekur um á vagni sem tveir kettir draga. Auk þeirra eru einkennisgripir Freyju valshamur, gölturinn *Hildisvíni* og *Brísingamen*. Freyja er oft í forsvari fyrir ásynjur og ævinlega girnast *jötnar* hana.

Freyr er mestur *goða* af ætt *vana* og mikilvægasta frjósemisgoð norrænnar goðafræði. Freyr er sonur *Njarðar* og bróðir *Freyju*. Freyr ræður fyrir regni, skini sólar og frjósemi jarðar.

Frigg er höfuðgyðja í heiðnum sið af *vanaætt* og einungis *Freyja* hefur mikilvægara hlutverki að gegna. Frigg er kona *Óðins* og á með honum eina dóttur og sex syni, m.a. *Baldur*. Bústaður hennar í *Ásgarði* heitir *Fensalir*. Þjónustumeypjar *Friggjar* eru *Fulla* og *Gná*.

Ginnungagap er hið mikla tóm sem var til fyrir *sköpun* *heimsins*. Fyrir norðan það varð hinn ískaldi *Niflheimur* til, en að sunnan eldheimurinn *Múspellsheimur*.

Gjallarhorn er horn *ássins Heimdalls* sem hann blæs í til að vara *goðin* við þegar *ragnarök* skella á.

Goð/guð(ir) eru af tveimur meginættum: *æsir* og *vanir*. *Æsir* eru goð hernaðar og valda en *vanir* frjósemisgoð. Í árdaga háðu ættirnar mikil stríð en sömdu svo frið og skópu með sætt sinni manninn *Kvasi*. Goðin standa fyrir það góða í norrænni goðafræði en *jötnar* og annað illþýði það illa. Heiðnir menn trúðu á og dýrkuðu goðin og hétu á þau til ólíkra hluta. Þekkt nöfn á goðum eru: *Óðinn*, *Þór*, *Njörður*, *Freyr*, *Týr*, *Heimdallur*, *Bragi*, *Víðar*, *Váli*, *Ullur*, *Hænir* og *Forseti*. Ekki er vitað hversu margar ásynjur voru í

raun dýrkaðar sem slíkar í heiðni en þau nöfn sem nefnd eru í fornum heimildum eru: *Frigg, Freyja, Gefjun, Iðunn, Gerður, Sigyn, Fulla, Nanna, Sága, Eir, Sjöfn, Lofn, Vár, Vör, Syn, Hlín, Snotra, Gná, Sól* og *Bil*. *Loki* er jötnaættar en ævinlega með ásum enda fóstbróðir Óðins.

Hati er úlfurinn sem eltir *mánann* yfir himininn og mun gleypa hann í *ragnarökum*. Úlfurinn *Skoll* eltir *sólina*.

Heiðrún heitir geitin sem stendur á þaki *Valhallar*. Úr spenum hennar rennur hreinn *mjöður* í drykkjarker *einherja*.

Heimdallur er norrænt *goð* sem stundum er sagður faðir alls mannkyns. Hann á níu mæður sem allar voru systur. Hann á hestinn *Gulltopp* og lúðurinn *Gjallarhorn* og heyrir blástur hans í alla heima. Heimdallur býr í Himinbjörgum við *Bifröst* og gætir brúarinnar fyrir *bergrisum*. Hann þarf minni svefn en fugl og sér jafnt nótt sem dag hundrað rastir frá sér. (Röst er forn mælieining sem nemur um 12 km.) Hann heyrir og gras vaxa á jörðu og ull á sauðum. Hann er svarinn óvinur *Loka*.

Hel heitir heimur hinna dauðu. Til Heljar koma þeir menn sem deyja ekki í bardaga. Vegurinn til Heljar nefnist *Helvegur*.

Himinbjörg heitir bústaður *Heimdallar* sem stendur við himins enda, við brúarsporð *Bifrastar*.

Hjúki sjá *Bil*.

Hliðskjálf er hásaeti Óðins og þaðan má sjá um heima alla.

Hrímfaxi heitir hesturinn sem *Nótt* ríður yfir heiminn.

Hrímpursar er annað heiti á *jötnum*. Það á rætur að rekja til þess að forfaðir jötna, *Ýmir*, varð til við *sköpun heimsins* þegar hrím mætti hita.

Hræsvelgur heitir *jötunn* í arnarham sem situr á enda heimsins og kemur vindinum af stað með vængjaslögum sínum.

Hvergelmir er uppspretta í *Niflheimi*, undir Aski *Yggdrasils*, sem úr falla ellefu ár. Í honum eiga öll vötn heimsins upptök sín. Í Hvergelmi býr *Níðhöggur*.

Iðavöllur er goðsögulegur völlum í miðjum *Ásgarði* þar sem askur *Yggdrasils* stendur. Á Iðavelli berjast *einherjar* dag hvern

Iðunn er ein af *ásynjum* norrænu goðafræðinnar, gyðja ástar og æsku og kona *Braga*. Iðunn ræður yfir æskueplunum sem æsir éta til að halda sér ungum.

Jörð er goðvera sem telst til *ásynja* en er einnig sögð tröllkona. Þór er sonur hennar og *Óðins*.

Jötunheimur, -heimar er ógnvænlegt jötnaríki sem liggur utan *Miðgarðs* og skilja ár það frá mannheimi. Einnig nefndur *Útgarður*.

Loki er flóknasta og jafnframt neikvæðasta persónan í goðafræðinni. Faðir hans er jötunninn Fárbaumi, móðir hans heitir Laufey eða Nál. Kona Loka heitir *Sigyn* og synir þeirra eru Narfi og Váli.

Máni er sonur *Mundilfara* og bróðir *Sólar*. Hann keyrir vagn mánans yfir himinhvolfið.

Miðgarður heitir miðja heimsins og sá staður þar sem mannfólkið býr.

Mundilfari er faðir *Sólar* og *Mána* sem æsir köstuðu upp á himininn.

Múspellsheimur heitir eldheimur og þaðan kom hitinn við *sköpun heimsins*.

Múspellssynir eru eldjötnar.

Naglfar er skip hinna dauðu sem sjósett er í *ragnarökum* og flytur *Múspellssyni* til bardaga við *goðin*. Naglfar er gert af nöglum dauðra manna og er stærst allra skipa.

Nanna er ein af *ásynjunum*, eiginkona *Baldurs*, dóttir Neps og móðir *Forseta*.

Niflheimur heitir staður í norðri sem var til fyrir *sköpun heimsins*. Milli hans og hins heita *Múspellsheims* er *Ginnungagap*. Ein af rótum asks *Yggdrasils* stendur yfir Niflheimi og undir henni er brunnurinn *Hvergelmir*.

Níðhöggur er dreki sem drekkur blóð dauðra og étur lík. Einnig er sagt að hann búi undir aski *Yggdrasils* og nagi rætur hans.

Njörður er norrænt goð af *vanaætt*, faðir systkinanna *Freys* og *Freyju*. Njörður er sjávar- og frjósemisgoð.

Nóatún eru bústaður goðsins *Njarðar*.

Norðri sjá *Austri*.

Nornir skapa mönnum örlög samkvæmt norrænni goðafræði.

Við *Urðarbrunn* sitja örlaganornirnar þrjár, *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*, og ráða örlögum manna.

Nótt er persónugervingur næturinnar,

Óðinn er æðsta goð norrænar goðafræði. Hann er aðallega goð skáldskapar, hernaðar og dauðans en einnig goð töfra, galdra, og rúnastafa. Óðinn og bræður hans, *Vilji* og *Vé*, voru fyrstu goðin. Þeir eru synir *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*. Óðinn er kvæntur *Frigg* og þekktustu synir hans eru *Baldur* (með *Frigg*), *Þór* (með *Jörð*) og *Váli* (með *Rindi*), en börn Óðins eru miklu fleiri. Bústaður Óðins í *Ásgarði* heitir *Glaðsheimur*, þar er höllin *Valhöll* og hásetið *Hliðskjálf* þaðan sem Óðinn sér um heima alla.

Ratatoskur heitir íkorninn sem hleypur upp og niður stofn asks *Yggdrasils* og ber öfundarorð á milli drekans *Níðhöggs*, sem nagar rætur asksins, og arnarins, sem situr í greinum hans.

Sif er ein *ásynjanna*, eiginkona *Þórs* og móðir *Ullar*. Hún er frægust fyrir mikið og fallett hár.

Sigyn er eiginkona *Loka* og ein *ásynjanna*.

Skinfaxi heitir hesturinn sem *Dagur* ríður.

Skoll heitir úlfurinn sem eltir *sólina* á ferð hennar yfir.

Skuld sjá *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*; *norn*.

Sól er dóttir *Mundilfara* og systir *Mána*. Hún keyrir vagn sólarinnar um himinhvolfið sem hestarnir *Alsvinnur* og *Árvakur* draga.

Suðri er einn fjögurra *dverga* sem halda uppi himninum. Sjá *Austri*.

Sæhrímnir er gölturinn sem steikarinn Andhrímnir sýður dag hvern í katlinum Eldhrímní handa *einherjum* í *Valhöll* eftir að þeir hafa barist allan daginn. Kjötið af Sæhrímní nægir

alltaf til að metta einherjana, sama hversu margir þeir eru, og á hverjum morgni rís gölturinn alheill upp á ný.

Tanngnjóstur og Tanngrísir heita hafrar *Þórs*. Þeim má slátra og éta að kvöldi. Ef öllum beinum er kastað á húðirnar og *Mjöllni* sveiflað yfir rísa þeir heilir upp að morgni.

Tröll, *jötunn* og þurs eru samheiti yfir óvinveitt illþýði úr *Útgarði* sem ógna *Ásgarði* og *Miðgarði* og *Þór* berst gjarnan við.

Týr er norræna himin-, stríðs- og þinggoðið, jötunninn *Hymir* er nefndur sem faðir hans en einnig sjálfur *Óðinn*. Hvergi er nefnt að hann eigi konu eða afkomendur.

Ullur er eitt *goðanna*, sonur *Sifjar* og stjúpsonur *Þórs*.

Urðarbrunnur er undir þeirri rót asks *Yggdrasils* sem stendur á himni. Þar eiga *goðin* dómstað sinn og þar er fagur salur þar sem örlaganornirnar, *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*, sitja og skapa mönnum örlög. Á hverjum degi taka nornirnar vatn úr brunninum og ausa upp yfir askinn.

Útgarður eða jötunheimar er svæðið sem liggur utan þess hluta heimsins sem menn og *goð* byggja og er bústaður *jötna*, *þursa* og annars illþýðis. Í *Útgarði* er illt að vera og erfitt að rækta jörðina og því sækja jötnar sífellt í land *ása*.

Valhöll heitir bústaður *Óðins* í *Ásgarði* og þangað safnar hann öllum þeim sem deyja í bardaga og gerir þá að *einherjum*. Veggir *Valhallar* eru þaktir spjótum og skjöldum og brynjur liggja á bekkjum. *Valkyrjur* vísa einherjum til sætis í *Valhöll* þar sem þeir borða kjöt af geltinum *Sæhrímni* og drekka mjöð úr spenum geitarinnar *Heiðrúnar*.

Valkyrjur eru stríðsmeyjar sem hafa áhrif á gang orrustu. Þær ráða því hverjir deyja og verða að *einherjum*. Valkyrjur færa *Óðni* hinar föllnu hetjur til *Valhallar* og bera *einherjum* öl.

Vanir er önnur tveggja goðaætta (hin er *æsir*) og kemur úr *Vanaheimum*.

Vé(i) er eitt hinna fyrstu *goða*, sonur *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*, bróðir *Óðins* og *Vilja*.

Vilji er eitt hinna fyrstu *goða*, sonur *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*, og bróðir *Óðins* og *Vés*.

Vingólf eða **Víngólf** er fagur salur gyðjanna í *Ásgarði*.

Viðar heitir einn *ásanna*, sonur *Óðins* og tröllkonunnar *Gríðar*.

Völva er kona sem getur spáð fyrir um framtíðina.

Yggdrasil eða **askur Yggdrasils** heitir heimstré hinna norrænu goðsagna. Króna hans breiðir sig yfir allan heiminn og rætur hans teygja sig til þriggja átta. Ein rótin nær til *Niflheims*, þar er brunnurinn *Hvergelmir* og drekinn *Niðhöggur* nagar rótina. Önnur rótin er í *Jötunheimum*, þar er *Mímisbrunnur* og vitri jötunninn *Mímir*. Þriðja rótin er á himnum, við hana er *Urðarbrunnur*.

Ýmir heitir frumjötunn norrænu sköpunarsögunnar. Hann var tvíkynja og jók kyn sitt þannig að annar fótur hans eignaðist son með hinum og eru þaðan komnar ættir *hrímþursa*.

Þór er hinn norræni þrumuguð. Hann er sonur *Óðins* og bróðir *Baldurs*. Móðir Þórs er *Jörð*. Nöfn allra barna Þórs minna á ógurlega krafta hans: synir hans eru *Móði* og *Magni* og dóttir hans heitir *Þrúður*. Kona Þórs heitir *Sif* og *Ullur* er stjúpsonur hans. Þór er stór vexti, sterklegur og rauðskeggjaður, með stingandi augnaráð og mikill drykkju- og matmaður. Þór er sterkastur *ása* og ver *goð* og menn gegn hættulegum öflum *Útgarðs: jötnum* og *Miðgarðsormi*. Höll Þórs stendur á Þrúðvangi í *Ásgarði* og heitir *Bilskirnir*. Þór á mikinn vagn sem hafrarnir *Tanngrisnir* og *Tanngnjóstur* draga.

Þrúðvangur er staður í *Ásgarði* þar sem bústaður Þórs, *Bilskirnir*, stendur.

Þurs, *jötunn* og tröll eru samheiti yfir óvinveitt illþýði úr *Útgarði* sem ógna *Ásgarði* og *Miðgarði* og Þór berst gjarnan við.

Æsir eru stærri ættin í norrænni goðafræði. Hin ættin er *vanir*. Til ása teljast helstu og æðstu *goðin*. Eftir *sköpun heimsins* bjuggu æsir til röð og reglu, settu *sól* og *mána* upp á himininn þannig að sólarhringurinn skiptist í *dag* og *nótt*. Þeir reistu *Ásgarð* Vegna *epla Iðunnar* haldast æsir síungir.

Öku-Þór er auknefni Þórs sem væntanlega er dregið af því að einn einkennisgripa Þórs er vagn sem dreginn er af tveimur höfrum, *Tanngnjósti* og *Tanngrisni*.